

Hverfisráð Hríseyjar

43. fundur

Þriðjudaginn 19. janúar 2010 kl.16.00 var 43. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Guðrún Þorbjarnardóttir, Aðalsteinn Bergdal og Víðir Björnsson.

Formaður setti fundinn

Dagskrá:

1. **Fundur Hverfisráðs, kosning formanns og fastur fundartími**
Formaður verður áfram Linda María Ásgeirsdóttir og til vara Kristinn Árnason
Ákveðið að hafa fastan fundartíma fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði kl. 17:00.,
2. **Umferðarmál**
Í tengslum við skipulagsvinnu var farið yfir hvað er “vistgata” skv. 7. grein umferðarlaga. Hverfisráð er einhuga um að þessi leið verði valin til að stemma stigu við aukinni umferð í eygni.
3. **Hausapurrun**
Linda sagði að sér hefðu borist fjölmargar kvartanir á síðustu vikum vegna lyktarmengur frá þurrkuninni, einnig gerði hún grein fyrir samtali sínu við heilbrigðisfulltrúa.
Samþykkt að formaður skrifi bréf til Heilbrigðiseftirlitsins og komi þessum kvörtunum á framfæri.
4. **Önnur mál**
 - a. Á fundi 23. nóvember var kynnt svar frá Gunnari Frímannssyni um að bæta ætti ADSL-samband í Hrísey, ekkert hefur orðið af því enn sem komið er, svo haft var samband við hann aftur og fengust þá þau svör að þetta hefði dregist og nú væri stefnt að því að ljúka þessu um næstu mánaðarmót.
 - b. Erindi frá skólastjóra Hríseyjarskóla þar sem óskað er eftir að Hverfisráðið kjósi sér 1 fulltrúa til setu í skólaráði.
Samþykkt að Aðalsteinn Bergdal taki það að sér og Kristinn Árnason til vara
 - c. **Ferjumál**
Hér vék Guðrún Þorbjarnardóttir af fundi og Narfi Björgvinsson kom í hennar stað.
Fjallað var um almenna óánægju meðal íbúa á breytingum á áætlun ferjunnar og verðhækkunum.
Samþykkt að senda Vegagerðinni og Samgönguráðherra bréf þar sem óánægju fólks með breytta áætlun og hækkun á gjaldskrá er komið á framfæri

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00

Linda María Ásgeirsdóttir
Kristinn Fr. Árnason
Aðalsteinn Bergdal
Víðir Björnsson
Guðrún Þorbjarnardóttir
Narfi Björgvinsson

Fundargerð rituð af Guðrínu Kristjánsdóttir